

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Austur-Héraðs nr. 350/1999.

1. gr.

Í stað orðsins „þriðjudag“ í 1. mgr. 7. gr. samþykktarinnar kemur: miðvikudag.

2. gr.

Í stað orðsins „þremur“ í lokamálslið 3. tl. 2. mgr. 11. gr. kemur: fjórum.

3. gr.

Í stað orðsins „þriðjudag“ í 45. gr. kemur: miðvikudag.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Austur-Héraðs hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 8. desember 2000.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Guðjón Bragason.

Nr. 888

11. desember 2000

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt nr. 332/1998 um hundahald í Mosfellsbæ.

1. gr.

3. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Bæjarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, til að standa undir kostnaði vegna skráningar og eftirlits með hundahaldi samkvæmt samþykkt þessari. Ábyrgðartrygging skal vera innifalin í gjaldi. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Vísa skal til samþykktar þessarar í gjaldskránni.

2. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum, og tekur gildi þegar við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 11. desember 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.